


Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. apríl 2011
Tilvísun: UST20110300170/bs


Deiliskipulagstillaga náma JEI í Lambafelli. Umsögn

Vísað er til tölvubréfs Sveitarfélagsins Ölfuss sent 24. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Hér er um að ræða efnistöku Jarðefnaiðnaðar ehf. í Lambafelli norðan námu sem nú er rekin af Árvélu, en efnistaka hefur farið fram á svæði Árvéla frá árinu 1960. Á því svæði sem deiliskipulagstillagan nær til er ráðgert að taka um 18.000.000 m³ af efni til ársins 2038. Mat á umhverfisáhrifum efnistökunnar hefur farið fram. Í umhverfisskýrslu með deiliskipulagstillögu kemur fram að við vinnslu námunnar verði þess gætt að raska ekki frekar hrauni í Svínahraunsbruna. Ekki er talið að unnt verði að vinna báðar námunar með sama vinnsluhraða til að minnka sjónræn áhrif efnistökunnar. Hins vegar verði þess gætt að standa á sama hátt að frágangi námunnar og gert verður í námu Árvéla þegar og ef efnistöku verður hætt að þeirri vinnslu lokinni sem umrædd deiliskipulagstillaga nær til. Helstu neikvæð áhrif efnistökunnar eru talin verða talsverð neikvæð áhrif á landslag/sjónræn áhrif og talverð neikvæð áhrif á jarðmyndanir. Þessi áhrif eru þó að hluta fram komin vegna þeirrar efnistöku sem fram hefur farið í Lambafelli um árabil.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að um rædd deiliskipulagstillaga muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst
Björn Stefánsson


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri